

HAMPIÐJAN  
VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1135. tbl - 24. árg.

14. nóvember 2024



# Ofsaveður á Snæfellsnesi



Mikill veðurofsi hefur verið á Snæfellsnesi síðustu vikuna en veðurviðvaranir hafa verið í gildi nánast alla daga síðan fimmtudaginn 7. nóvember þó það lægi um stund á milli veðra. Lokanir voru á vegum vegna hættulegra akstursskilyrða, lokanir í skólum og eignatjón hafa orðið vegna ofsaveðursins en hviðurnar hafa verið að fara yfir 40 metra á sekúndu þegar verst lætur. Þessu er þó ekki lokið þar sem búast má við viðvarandi hvassviðri og almennu óveðri á Snæfellsnesi með hvöss-

um vindstrengjum hlémegin fjalla fram yfir helgi, þó lægir í skamman tíma inn á milli. Í tilkynningu frá björgunarsveitinni Lífsbjörgu er biðlað til fólks að nýta þann tíma til að festa niður lausamuni og hafa varann á í umferðinni. Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson afsaltgeymslunni í Grundarfirði sem hefur farið illa út úr fárviðrinu sem hefur gengið yfir, smátt og smátt hefur fokið utan af geymslunni svo eftir stendur lítið annað en grindin.

SJ

## Lúlli heimsótti leikskóla



Mánudaginn 28. október kom lögreglan í heimsókn á Leikskóla Snæfellsbæjar, Krílakot í Ólafsvík og Kríuból á Hellissandi. Hinrik Konráðsson og Rebekka Heimisdóttir mættu og ræddu við börnin um umferðareglurnar, hvers ber að varast í umferðinni

og mikilvægi endurskinsmerkja. Öll börnin fengu Lúlla lögregluþanga litabók og endurskinsmerki að gjöf frá lögreglunni og var mikil ánægja með barnanna með skemmtilega og fræðandi heimsókn.

SJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

# Auka á dýpi við trébryggjuna



Dýpkunarframkvæmdir standa nú yfir fyrir framan nýju trébryggjuna við höfnina í Ólafsvík. Búið er að keyra fyllingu út í höfnina til þess að auðveldara verði fyrir verktakann að athafna sig.

Fyrir framan bryggjuna er svæði sem þarf að dýpka svo að það sé hægt að nýta bryggjuna

til fulls, verður fleygað úr klöpp í botni hafnarinnar svo að dýpi við bryggjuna verði ekki undir 3 metrum.

Verktakafyrirtækið Flakkarinn sér um framkvæmdina og gengur verkið vel þrátt fyrir leiðinlegt veður.

JJ



## Flinn árlegi Jólabasari

félags eldri borgara í Snæfellsbæ verður  
sunnudaginn 17. nóvember  
í félagsheimilinu Klifi  
kl. 15 - 17

Margir góðir munir, kökur ofl.  
Vöflur og rjómi.

Enginn posi á staðnum

Nefndin



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## 1x2 Getraunir

Það var frekar fámennt síðasta laugardag í getraunakaffinu, en það var afar góðmennt. Gott spjall var um þessa göfugu íþrótt, fótboltann og ótrúlegan breytileika á getu liða til að ná réttum úrslitum, fyrir okkur tipparanna! Þessi breytileiki er það sem gerir þessa íþrótt spennandi og skemmtilega.

Við höldum áfram að reyna að giska á úrslit helgarinnar og látum slakann árangur, eins og um síðustu helgi ekki draga kjarkinn úr okkur til að tippa áfram.

Við verðum í Áttthagastofunni á laugardaginn klukkan 11.00 til 12.00 og gaman væri að sjá góða mætingu.

Áfram Víkingur

## Sameiginlegt námskeið fyrir slökkviliðin



Brunamálaskólinn hélt um liðna helgi fyrsta og annað námskeið fyrir nýliða í slökkviliðum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar og Stykkishólms. Námskeiðið var blanda af fyrirlestur og verklegum æfingum. Þátttakendur tóku meðal annars þátt í reykklöf og farið var yfir slökkvitækni. Brunamálaskólinn sinnir grunnmenntun fyrir slökkviliðsmenn og tekur mið af lögbundnum ver-

kefnum slökkviliða. Skólinn hefur verið starfrækur frá árinu 1994 og er hlutverk hans að veita slökkviliðsmönnum og eldvarnaeftirlitsmönnum um allt þá menntun, starfsþjálfun og endurmenntun sem nauðsynleg er vegna starfa þeirra. Æfingarnar um helgina voru mjög fjölbreyttar og krefjandi og lærðu þátttakendur mikið sem mun koma að góðum notum.

JJ



# Framsókn býður til samtals

DAGSKRÁ OPINNA  
FUNDA Í NORÐVESTUR

16. nóv. **STYKKISHÓLMUR**

Lionshúsið kl. 11.00

17. nóv. **BÚÐARDALUR**

Vínlandssetrið kl. 16.00

18. nóv. **BLÖNDUÓS**

Glaðheimar kl. 20.00

19. nóv. **SAUÐÁRKRÓKUR**

Kaffi Krókur kl. 20.00

20. nóv. **AKRANES**

Dalbraut 4 kl. 20.30

21. nóv. **BORGARNES**

Arinstofa Landnámssetursins kl. 20.00

22. nóv. **PATREKSFJÖRÐUR**

Félagsheimili Patreksfjarðar kl. 17.00

23. nóv. **ÍSAFJÖRÐUR**

Edinborgarhúsinu kl. 11.00

24. nóv. **HÓLMAVÍK**

Kvenfélagshúsið kl.16.00

25. nóv. **HVAMMSTANGI**

Handbendi brúðuleikhús kl. 20.00



## Fjarskiptamastur flutt á nýjan stað



Fjarskiptamastur hefur verið á lóð gamla pósthússins í Ólafsvík, húsið hefur nú verið selt og því eðlilegt að mastrið verði fjarlægð.

Míla er eigandi mastursins en í upphafi var það Póstur og Sími sem átti og rak húsið, starfseminni var svo skipt upp og þó að Póstur-

inn og seinna Íslandspóstur hafi átt og rekið húsnæðið þá var Síminn og Míla með aðstöðu í kjallara hússins ásamt fjarskiptamastrinu á lóð hússins. Míla ehf. hefur nú sótt um leyfi fyrir uppsetningu á öðrum stað og sendi inn erindi á fund Umhverfis- og skipulagsnefndar og var það tekið fyrir 31. október síðastliðinn. Í umsókninni sækir hönnuður um leyfi fyrir hönd Mílu ehf. til þess að reisa fjarskiptamastur og

byggingu fyrir fjarskiptabúnað og spennu við hlið masturs að Norðurtanga 6A í Ólafsvík. Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkti útgáfu byggingarleyfis að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Nú er vinna hafin við að taka mastrið niður á upprunalegum stað og verður það sett upp aftur við húsnæði Akraborgar og Fiskmarkaðs Íslands.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Blakdeild UMFG

Blakdeild UMFG tók þátt í fyrri hluta Íslandsmóts U14 og U16 og haustmóti U12 helgina 25. til 27. október í Kópavogi. Sex lið kepptu á mótinu og fóru leikir fram bæði í Kórnum og í íþróttahúsinu á Digranesi. Mikil aðsókn er í blak í Grundarfirði og fer íþróttin vaxandi með ári hverju. 33 iðkendur frá liðinu fóru á mótið en þar voru margir að stíga sín fyrstu skref á blakmóti. Átti UMFG þrjú lið á haustmóti U12, eitt stúlknalið, eitt drengjalið og eitt blandað lið. U12 stúlknaliðið vann alla sína leiki og lenti í 1. sæti, U12 drengir lentu í 2. sæti og blandað lið U12 endaði í 6. sæti. Þá átti UMFG U14 lið stúlkna sem lenti í 1. sæti eftir fyrri umferð Íslandsmótsins, U14 drengjalið

sem lenti í 3. sæti og U16 stúlknalið sem lenti í 4. sæti eftir hörku-baráttu. Krakkarnir fóru á mótið með blakþjálfaranum Mladen Svitlica sem hefur unnið frábært starf í Grundarfirði en einnig eiga liðstjórar og foreldrar sinn þátt í að öflugir iðkendur nái slíkum árangri. Í tilkynningu frá blakdeild UMFG segjast þau stolt af öllum iðkendum sínum sem sýndu framúrskarandi hegðun og samstöðu á mótunum. Seinni hluti Íslandsmótsins fer fram í maí. Þá keppir U16 á Húsavík 9. til 11. maí og U12 og U14 á Ísafirði helgina 16. til 18. maí. Meðfylgjandi mynd er af U16 stúlknaliðinu ásamt þjálfaranum, Mladen.

SJ



## Frambjóðendur hitta kjósendur

Nú styttist í kosningar og fulltrúar flokkanna ferðast um landshlutann að kynna sitt framboð og heyra frá kjósendum. Fulltrúar frá Samfylkingunni voru á ferð um Snæfellsnesið mánudaginn 4. nóvember. Það voru þeir Hannes S. Jónsson, sem skipar 2. sæti lista Samfylkingarinnar í norðvesturkjördæmi, og Garðar Svansson, sem skipar 6. sæti listans, sem kíktu í heimsókn. Litu þeir við í Grunnskóla Snæfellsbæjar, Leikskóla Snæfellsbæjar og dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Snæfellsbæ og á dvalarheimilið Fellaskjól í Grundarfirði. Tóku þeir létt spjall um málefni sem brunnu á starfsfólki stofnanna og heimilisfólki dvalarheimilanna. Gengið verður til kosninga 30. nóvember næstkomandi en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er nú þegar hafin.

SJ



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)






# Birgitta Haukdal á Krílakoti

Miðvikudaginn 6. nóvember kom Birgitta Haukdal í heimsókn á leikskólann Krílakot í Ólafsvík. Birgitta las upp úr nýrri bók sinni Atlas eignast gæludýr og að því loknu söng hún nokkur vel valin lög með börnunum. Kom hún líka færandi hendi og gaf öllum börnunum sundpoka og buff með mynd af Láru og Ljónsa á og leikskólanum tvær bækur, Lára fer á fótboltamót og Atli eignast gæludýr. Foreldrafélag Krílakots bauð börnunum upp á þessa skemmtun og ríkti mikil gleði hjá börnunum.

SJ





Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Fáein atriði um sögu Ólafsvíkur



Jónas Hallgrímsson orti á ferð undir Ólafsvíkurenni:

Fjörðurinn bjartur og breiður blikar á aðra hlið tólf vikur fullar að tölu tvær álnir hina við.

Ólafsvík er kennd við Ólaf belg að því er segir í Landnámu. Litlar sögur fara af þorpinu fyrr á öldum. 1687 löggildir Kristján 5. Ólafsvík sem verslunarstað.

Íbúar eru 77 árið 1700. Lengst af er hin ritaða saga þorpsins saga verslunar. Skólahús var reist 1887. Þá bjó í Ólafsvík Vatnsenda Rósa ásamt Gísla Gíslasyni við mikla fátækt. Hann var mörgum árum yngri en Rósa og drykkfeldur. Árið 1843 brenna verslun-

arhúsin á staðnum utan eitt. 1891 strandaði Ólafsvíkur Svanurinn eftir að hafa siglt samfelt í 120 ár. Mikil og ör þróun varð í Ólafsvík á fyrstu árum 20stu aldar.

Ólsarar voru miklir sjómenn og stunduðu róðra af kappi. Miklar framkvæmdir voru við hafnargerð frá 1960. Fjölgaði þá úrgerðarfyrtækjum og urðu öflugri. Kaupstaður varð Ólafsvík 1983.

Hrafn Arnarson

## Nýr verkefnastjóri farsældarmála

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi auglýstu í byrjun ágúst eftir verkefnastjóra farsældar í landshlutanum. Verkefnið er samstarf SSV og mennta- og barnamálaráðuneytisins en samstarfssamningur var undirritaður þess efnis á Farsældardegi Vesturlands þann 16. maí síðastliðinn. Markmið verkefnisins eru að samhæfa farsældarþjónustu í sveitarfélögum á Vesturlandi og koma á fót svæðisbundnu farsældarráði í landshlutanum en ráðið er tímabundið í starfið til tveggja ára. Nú er búið að ganga frá ráðningu og var Bára Daðadóttir ráðin. Hún er félagsráðgjafi og býr á Akranesi. Bára hefur lokið BA í félagsráðgjöf og MA námi í félags-

ráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands. Hún hefur mikla reynslu á sviði velferðar- og farsældarmála. Bára hefur starfað sem forstöðumaður félagsmiðstöðva en einnig verið félagsráðgjafi hjá Akraneskaupstað og hjá Kópavogsbæ. Hún átti þátt í innleiðingu á farsældarsáttmálanum á Akranesi en bæjarfélagið er í fararbroddi þegar kemur að málaflokknum á landsvísi. Auk þess að vinna að innleiðingu farsældarþjónustu mun hún sinna verkefnum Ungmennaráðs Vesturlands og samstarfsverkefninu Öruggara Vesturland. Öruggara Vesturland er áttaksverkefni gegn heimilisofbeldi í landshlutanum.

JJ

Sundlaug Stykkishólms

Krabbameinsfélag Snæfellsness býður krabbameinsgreindum á Snæfellsnesi í vatnsleikfimi í sundlaug Stykkishólms fimmtudaginn 14.nóvember kl.17:00

Létt og góð hreyfing sem hentar öllum

Skráning fer fram á netfangið [gunnhgunnars@gmail.com](mailto:gunnhgunnars@gmail.com)

Gunnhildur Gunnarsdóttir  
Íþróttafraeðingur/sundkennari leiðbeinir

Vertu með!

14.nóvember



# Aukin stuðningur við ferðasjóð íþróttafélaga dregur úr ójöfnuði



Frá árinu 2007 hefur ferðasjóður íþróttafélaga fengið framlag á fjárlögum Alþingis og er ljóst að ferðasjóðurinn þarf að fá verulega hækkun á fjárlögum á næstu árum. Framlag ríkisins í ferðasjóðinn er beinn fjárhagslegur stuðningur við iðkendur í íþróttum og fjölskyldur þeirra og þá sérstaklega íbúa landsbyggðarinnar sem þurfa að fara um langan veg mörgum sinnum á ári til að taka þátt í keppni í skipulögðu íþróttastarfi. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands-ÍSí sér um úthlutun sjóðsins fyrir hönd ríkisins.

Í síðustu úthlutun voru 123,9 milljónir sem úthlutað var en heildar-

upphæð umsókna voru um 650 milljónir. Þarna er eingöngu verið að horfa til ferðakostnaðar ekki gisti- og upphaldskostnaðar en sá kostnaður hefur hækkað töluvert mikið á undanförunum árum. Það er því kominn tími til að bæta gisti og upphaldskostnaði við úthlutun sjóðsins og það verður ekki hægt nema að ríkisvaldið komi með öflugan stuðning inn í hann.

Mörg félög á landsbyggðinni og þeirra sjálfbóðaliðar leggja á sig mjög mikla vinnu eingöngu við að fjárlaga fyrir keppnisferðum ásamt því að sinna hinu hefðbundna íþróttastarfi sem er ansi fjölbreytt.

Samfylkingin vill draga úr ójöfnuði og aðstöðumun í íslensku samfélagi, aukin stuðningur við ferðasjóð íþróttafélaga er eitt af þeim verkfærum sem Alþingi getur eflst ennfremur til að börn hvar sem þau búa á landinu njóti enn jafnari tækifæra til íþrótt- og tómstunda sem er eitt af markmiðum okkar í Samfylkingunni.

Hannes S. Jónsson

Hannes skipar 2. sætið á framboðslista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi fyrir Alþingiskosningarnar 30. nóvember.

# Eilíf höfuðborgarstefna



Sú byggðastefna sem rekin hefur verið hérlandis undanfarna áratugi hefur skilað þeim vafasama árangri að um 70% landsmanna búa á milli Hvítá í Árnessýslu og Hvítár í Borgarfirði. Á meðan berjast sveitarfélög utan þess svæðis við að halda uppi ákveðnu þjónustugi og vera búsetukostur sem laðar að nýtt fólk. Lengi hefur legið fyrir að sveitarfélögin þurfa að auka tekjustofna sína og fjölga íbúum. En hvernig?

## Endurgreiðsla virðisaukaskatts er lykillinn að fjárhagslegum stöðugleika sveitarfélaga

Á síðasta ári greiddu sveitarfélög landsins um 15 milljarða í virðisaukaskatt fyrir lögbundin verkefni og leikskólabyggingar. Endurgreiðsla á þeim virðisaukaskatti myndi auka fjárhagslegan stöðugleika sveitarfélaga og bæta nýtingu opinberra fjármuna. Þetta eru miklir fjármunir sem sveitarfélög geta nýtt til innviðaupbygginga, til að þjónusta íbúa, eða greiða niður skuldir. Þrátt fyrir að flest sveitarfélög hafi hagrætt í rekstri undanfarin ár er takmarkað svigrúm til fjárfestinga eða almenns viðhalds eigna án lántöku. Verkefnum sveitarfélaga hefur fjölgað og vanfjármögnun þeirra veldur innviðaskuld og niðurskurði á þjónustu við íbúa. Ég tel að þessa skekkju megi leiðrétta með endurgreiðslu á virðisaukaskatti til sveitarfélaga.

## Fjárhagslegir hvatar til eflingar landsbyggðarinnar

Í lögum um Menntasjóð námsmanna eru ákvæði um sértækar aðgerðir sem lúta að tímabundnum ívilnunum við endurgreiðslu námslána við sérstök skilyrði, til dæmis ef ákall er frá sveitarfélagi um þörf á menntuðu fólki á viðkomandi svæði. Greinin hefur aldrei verið virkjuð þrátt mikinn skort á menntafólki víða út um land. Á ferð minni um Norðvesturkjördæmi undanfarið hefur komið skýrt fram að skortur er á fólki með sérhæfða menntun

á flestum þéttbýlisstöðum eins og hjúkrunarfræðingum, kennurum og löggrúfólki. Með því að veita fjárhagslega hvata til þeirra sem flytja með menntun sína út á land, geta byggðarlög dregið að sér sérfræðinga og fagmenntað fólk. Þannig eykst fjölbreytni og styrkur atvinnulífsins og tækifæri opnast til þess að laða að ný fyrirtæki og bæta aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu. Fólk með sérmenntun getur komið með þekkingu og færni sem gagnast atvinnulífi á svæðinu og stuðlað að nýsköpun í heimabyggð. Slíkur hvati gerir landsbyggðina meira aðlaðandi fyrir ungt og menntað fólk og jafnar atvinnutækifæri um allt land sem stuðlar að heilbrigðari byggðapróun. Ég tel þessa ráðstöfun skynsamlega og myndi hún hafa keðjuverkan á áhrif á íbúafjölgun á landsbyggðinni, sem skilar sér í aukinni aðsókn í skóla, íþróttafélög, verslanir og aðra þjónustu, sem eykur lífskraft og þrótt samfélagsins.

## Jafnari lífskjör á landsbyggðinni

Sem stendur er íbúapróun á landsbyggðinni verulegt áhyggjuefni og þarf af alvöru að opna á leiðir til að þróunin sé hraðari og fólk gæti hugsað sér aðra búsetukosti en höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Norðmenn hafa farið þá leið að bjóða skattaafslátt fyrir þá íbúa sem búa vissst langt frá þjónustu. Sá afsláttur er í formi persónuafsláttar sem dregur úr tekjuskatti launafólks. Í slíkum aðgerðum er mikill ávinningur, því oft er talað um landsbyggðarskatt hér á landi, í þeirri merkingu að dýrara er að búa þar sem þarf að fara um langan veg til að sækja sér þjónustu. Með skattaívilnun væru þau lífskjör jöfnuð með því að draga úr kostnaði við að búa á afskekktum svæðum og þjónustustig og lífsþróttur samfélaganna eflur. Þannig verða afskekktir svæði samkeppnishæfari gagnvart þéttbýlli svæðum hvað varðar laun og fjárhagsstöðu íbúa.

Til þess að tryggja sterkt og fjölbreytt mannlíf á landsbyggðinni þurfum við að nýta öll þau úrræði sem til eru til að jafna aðstöðumun landsins. Þetta eru raunverulegar lausnir sem styðja við öflugt atvinnulíf, velferð samfélaga og lífsæði fólks um allt land auk þess að tryggja jafnvægi og byggðafestu. Það er nauðsynlegt að styðja við dreifðari byggðir landsins með afgerandi aðgerðum til að gera Ísland réttlátara og sterkara land.

Álfhildur Leifsdóttir  
oddviti VG í Norðvesturkjördæmi

## Blóðsykursmæling



Í tilefni af alþjóðadegi sykursjúkra 14. nóvember munu lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ í samstarfi við Heilsugæslustöðina bjóða íbúum Snæfellsbæjar upp á mælingu á blóðsykri auk þess sem hægt verður að mæla blóðþrýsting.

Laugardaginn 16. nóvember kl. 10 - 12  
í húsnæði Sóley saumar

Allir eru hvattir til að mæta!

HEILBRIGDISSTOFNUN  
Vesturlands  
Ólafsvík





# Tryggjum frelsi til handfæraveiða - eflum sjávarbyggðirnar



**Við vitum að krókaveiði strandveiðibáta ógnar ekki fiskistofnum. Skortir því rök fyrir takmörkun á atvinnufrelsi íbúa sjávarbyggðanna til handfæraveiða**

Frá því kvótakerfið var lögfest árið 1983 hefur okkur aldrei tekist að uppfylla markmið kvótakerfisins, sem var að auka veiði. Árin fyrir lögfestingu kvótakerfisins veiddust yfirleitt um 400.000 tonn af þorski á ári og studdum mun meira, en síðan kvótakerfið tók gildi þá heyrir það til undantekninga að þorskaflinn nái yfir 200.000 tonn.

Loforðið var að með því að kvótasetja eða binda veiðarnar við ákveðið magn hverju sinni þá munum við efla fiskistofnana og þegar upp væri staðið ætti aflinn a.m.k. að hafa tvöfaldast á fimm til átta árum, hann átti a.m.k. að ná í 500.000 tonn. Hér erum við árið 2024, enn með okkar 200.000 tonn. Forsendan fyrir kvótakerfinu brást, og því ættum við að hugsa sjávarútvegskerfið okkar upp á nýtt.

Við í Flokki fólksins höfum barist fyrir því frá stofnun flokksins, að handfæraveiðar verði gerðar frjálslar. Það er ekki flóknara en það. Við verðum að bera virðingu fyrir hinum brothættu sjávarbyggðum hringinn í kringum landið sem byggja tilvist sína á nálægð við fiskimiðin og fjölbreyttum hópi strandveiðimanna. Án sjávarbyggða landsins er Ísland fátækara samfélag og án strandveiðimanna og smátúgerða þeirra sem eru ein grunnstöðum þessara byggða.

Við viljum að stjórnvöld viðurkenni það arðrán sem hefur átt sér stað í litlum sjávarplássum sem eiga mörg hver í dag í vök að verjast. Þessi litlu samfélög, sem hafa reitt sig á sjóinn öldum saman og tilvera þeirra byggist á, hafa þurft að horfa upp á að undirstöðu byggðanna hefur verið kippt undan þeim. Atvinnufrelsi íbúanna hefur verið tekið frá þeim. Það er sárara en tárur taki að þurfa að horfa upp á hvernig sérfræðingar að sunnan, sem telja sig vita allt betur en sjómenn og heimamenn, hafa með ráðgjöf sinni og reglusetningu vegið hart að áður blómlegum sjávarbyggðum.

Eitt er það sem við vitum öll. Krókaveiði strandveiðibáta mun aldrei ógna fiskistofnum og lífríkinu í kringum landið. Því skortir rök fyrir takmörkun á atvinnufrelsi íbúa sjávarbyggðanna til handfæraveiða.

Í lagi er að koma með stækkandi vélarafi og skrapa hér botninn, eyðileggja kóralana og lífríki sjávarbotns án gagnrýni sérfræðinga. En svo þegar strandveiðibátar fara í dagróður með króka og er öllu skellt í lás um mitt sumar. Furðulegt er hvernig í stjórnvöldum dettur í hug að ráðast svona að strandveiðimönnum sem flestallir búa einmitt í þessum litlu sjávarbyggðum.

Það er ósanngjarnt, það er óréttlátt, það er óskilvirkt og það er eiginlega til háborinnar skammar hvernig komið er fram við þessa atvinnugrein. Það getur vart talist þjóðhagslega hagkvæmt að á hverju einasta sumri skuli í rauninni vera slengt gjörsamlega í lás hjá atvinnugrein strandveiðisjómanna, sem óumdeilt hefur reynst mikil lyftistöng fyrir hinar brothættu sjávarbyggðir.

Gefum frjálslar handfæraveiðar. Það myndi skipta gríðarlega miklu máli og það myndi gjörbreyta starfs-umhverfi og lífinu í sjávarbyggðunum, oft litlum sjávarplássum sem eiga í vök að verjast.

*Eyjólfur Ármannsson*

*Höfundur er þingmaður og oddviti Flokks fólksins í Norðvesturkjördæmi. eyjolfur@flokkuarfólksins.is*



# Förum betri vegi til framtíðar



Undanfarnar tvær vikur höfum við frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi ferðast um kjördæmið víðfedma sem við bjóðum okkur fram í til þjónustu og hagsmunagæslu. Áskoranirnar eru margar en það er kunnara en frá þurfi að segja hversu bágborið ástand vegakerfis er víðast hvar. Þó að framfarir hafi orðið á sumum svæðum á allra síðustu árum eru samt til staðar þjóðvegir sem lagðir voru fyrir rúmri hálfri öld og þóttu þá frekar bágbornir.

Vegakerfið verður að tryggja að íbúar geti án mikillar áhættu ferðast á milli staða, m.a. til að sækja heilbrigðisþjónustu og má ekki hefta verðmætasköpun. Slíkt öryggi er ekki til staðar fyrir alla og í raun með ólíkindum hversu vel þó hefur tekist til í mikilli uppbyggingu atvinnulífs undanfarnar ár, til að mynda á Vestfjörðum. Þetta ástand er með öllu óþótlegt ekki síst í ljósi þeirrar miklu verðmætasköpunar sem verður til í kjördæminu.

## Bætum þjónustu

Eitt er að leggja veg og annað að þjónusta þá er um veginn fara. Vetrarþjónusta verður að laga að þörfum íbúa og atvinnulífs hverju sinni. Könnun Vestfjarðastofu bendir til þess að stór hluti íbúa á Vestfjörðum veigri sér við að fara á milli byggðar laga að vetri til og kemur því í veg fyrir að þær samgöngubætur sem þó hafa orðið nýtist að fullu eins og milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða. Við svo búið verður ekki unað. Á Snæfellsnesi þurfa sjúkraflutningamenn að gefa sjóveikisþillur áður en brunnað er suður með sjúklinga og á Norðurlandi vestra, líkt og víðar, getur verið erfitt að sækja heilbrigðisþjónustu ef fjallvegir eru ófærir. Að endingu er rétt að nefna ónýta vegi í Dölum þar sem t.a.m. var "ráðist" í endurheimt malavega sl. vor í ljósi þess hve slitlag sem og burðarlag var orðið ónýtt og í raun hættulegt. Hér er minnst á nokkur dæmi en áfram væri hægt að telja upp en látum þetta duga, við verðum að gera betur í vegamálum almennt.

## Bætum vinnubrögð

Eitt af brýnustu verkefnum þingmanna Norðvesturkjördæmis verður að tryggja að íbúar kjördæmisins verði jafnokar annarra landsmanna í samgöngum. Það er með öllu óásættanlegt að mistök við skipulagningu einnar framkvæmdar í vegamálum verði þess valdandi að bráðnaðsýnlegum og yfirstandandi framkvæmdum í öðrum landshlutum sé frestað líkt og gerðist nýverið með brúargerð við Hornafjarðarfjót.

## Flýtum framkvæmdum

Til þess að flýta nauðsýnlegum framkvæmdum þarf kjark til að ræða nýjar leiðir að því markmiði. Hugmyndir nýstofnaðs Innviðafélags Vestfjarða eru mikilvægt innlegg í þá átt. Það má líka horfa til hluta sem vel hafa heppnast þrátt fyrir allt. Uppbygging Hvalfjarðarganga og sú leið sem farin var við fjármögnun þeirra og rekstur er skýrt dæmi um vel heppnaða framkvæmd. Þá er nauðsýnlegt að halda áfram að berjast fyrir þeirri leið sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt til á Alþingi og er kölluð Samfélagsvegir. Með þeirri leið er heimamönnum fært ákveðið frumkvæði um forgangsröðun og tímasetningu framkvæmda. Færeyingum hefur gengið vel enda byggir framkvæmdasemi þeirra nokkuð á „Spalaráðferðinni“ sem var notuð við Hvalfjarðargöngin. Við höfum gert þetta áður og getum gert þetta aftur.

Ágætu kjósendur í Norðvesturkjördæmi, framboðslisti okkar fyrir alþingiskosningar þann 30. nóvember 2024 er samansettur af einstaklingum sem láta verkin tala og þora að hugsa í lausnum þannig að samfélagið standi sterkar að vígi en áður. Við þurfum að snúa bökum saman og efla innviði í Norðvesturkjördæmi – við erum til samstarfs og þjónustu reiðubúin.

*Ólafur Adolffson  
Björn Bjarki Þorsteinsson  
Auður Kjartansdóttir  
Dagný Finnbjörnsdóttir  
Kristófer Már Maronsson*




Scanlight seríurnar frá Byko eru sterkbyggðar og margreyndar við íslenskar aðstæður



Scanlight Útisería 100 ljósa  
LED warm white, startpakki  
með straumbreyti, 10m

**6.995 kr.**



Scanlight Útisería 100 ljósa LED  
warm white  
framlenging á startpakka, 10m

**5.995 kr.**



Star trading Inniseriur  
LED warm  
30/90 ljósa

**2.195/3.395 kr.**



Star trading brass- eða krómlitaður  
ljósahtingur 30cm/45cm

**7.395/11.195 kr.**



Star Trading Pappastjarna  
70cm

**8.995 kr.**



Star Trading Pappastjarna  
60cm

**6.895 kr.**

fonix@fonix.is



436-6500